

Fundarefni:	Fulltrúaráðsfundur haldinn kl. 20 í Hjalla, Álfhólsskóla
Dags.:	19.2.2013
Fundarmenn:	24
Fjarverandi:	
Ritað af:	Erna Arnarsdóttir

## Fundargerð

### 1. Fyrirlestur og kynning á hlutverki bekkjarfulltrúa

Anna María formaður foreldrafélagsins setti fundinn kl. 20. Anna María sagði frá þriggja kvölda námskeiði sem stjórnarmenn sátu hjá Samkóp í janúar og febrúar þar sem farið var yfir hlutverk foreldrasamfélags og farið yfir nýja námsskrá.

Anna María fór yfir helstu upplýsingar sem er að finna á heimasíðu skólans [www.alfholsskoli.is](http://www.alfholsskoli.is), t.d. Hvaða þjónusta er í boði; námsráðgjafar, skólasálfræðingar, skólahjúkrunarfræðingar. Fer yfir hvar heimasvæði foreldrafélagsins er hýst og hvaða upplýsingar sé þar að finna; upplýsingar um stjórn félagsins. Upplýsingar yfir bekkjarfulltrúa og hverjar eru starfsreglur þeirra. Hvetur til þess að fólk kynni sér heimasíðuna.

Anna María ítrekaði að það vanti enn fólk í sumar nefndir og það fólk um að skrá sig í nefndir.

Kristjana Kjartansdóttir í vinfjölskylduverkefninu kom upp og greindi frá verkefninu sem var innleitt hérna í Álfhólsskóla síðasta haust. Þrír eru í þeirri nefnd sem skipuleggur þetta vinfjölskyldustarf. Hún fór yfir hversvegna verið er að fara í þetta verkefni. Benti á mikilvægi þess að við sem Íslendingar styðjum við erlendar fjölskyldur með skólamálin og atburði sem koma að skólagöngu barnanna. Kynnti verkefnið og greindi frá að það muni byrja í nokkrum bekkjum næsta haust. Sú vinna sem unnin er núna, felst í að skipuleggja starfið.

Anna María vakti athygli fundarmanna á nýútgefnu fréttabréfi foreldrafélagsins sem kom út 15. febrúar.

### 2. Helga Margrét Guðmundsdóttir tómstunda- og félagsmálafræðingur fór yfir hver séu skyldur og hlutverk bekkjarfulltrúa:

Kynnti ný grunnskólalög og nýja aðalnámsskrá.

Talaði um það hvað það er erfitt að fá bekkjarfulltrúa. Velti upp hvað væri til ráða. Á að hætta með bekkjarfulltrúa? Hvernig fer „handover“ frá ári til árs. Er það nógu gott ferli? Grundvallaratriði fyrir bekkjarfulltrúa er að hafa gott aðgengi að samskiptaleiðum við foreldra og hver á hvaða barn. Mikilvægt að vita eitthvað um hópinn og hvernig hann er samsettur.

Mikil umræða um hvernig væri hægt að fá foreldra til að tala saman og hvað það er mikilvægt að ná því samstarfi.

Þurfum að ræða námið, líðan, kennaramál við aðra foreldra. Það getur ýmislegt komið upp sem mikilvægt er að ræða.

Hvernig fær maður foreldra til að mæta í skólann og tala saman á fundi?

Bergrún tekin upp og fengin til að ræða starf hennar sem bekkjarfulltrúi og segja hvað henni fannst erfiðast.

Sjá glærur frá Helgu Margréti þar sem hún fjallar um Hvers vegna foreldrasamstarf innan bekkjarins?

Lagði ríka áherslu á aukið foreldrasamstarf á miðstigi þar sem þá fer að bera á frávíkshögðun og vinatengslstyrkjast. Mjög mikilvægt að fylgjast með.

Guðni kom upp og minnir foreldra á síðuna [www.naumattum.is](http://www.naumattum.is) . Hann talaði um sína reynslu sem bekkjarfulltrúi. Hann minnti á að hér er lýðræði og það þurfi ekki allir að koma að ákvörðunum. Við hér erum fulltrúar allra þeirra sem ekki mæta.

**Besti og stærsti forvarnarþáttur barnanna okkar er foreldrasamstarf.**

3. Hópastarf
4. Samanekt.
5. Fundi slitið. Anna María sleit fundi kl. 22:45.